

Fundargerð 50. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 28. janúar 2019, kl. 13:15

Dagskrá:

1. Brothættar byggðir
2. Mat á framkvæmd gildandi sóknaráætlana
3. Vinnufundur Byggðastofnunar 22.-23. janúar – næstu skref
4. Framkvæmd byggðaáætlunar
5. Önnur mál

Mættir: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Arnar Freyr Einarsson (ANR), Árni Freyr Stefánsson (SRN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN) (mætti kl. 13:30), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN) (fór kl. 14:20), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Karitas Gunnarsdóttir (MRN), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Steinunn Valdís Óskarsdóttir (ANR), Þórarinn Sólmundarson (MRN) (fór kl. 14:40), Anna Guðrún Björnsdóttir (sambandinu), Unnur Valborg Hilmarsdóttir (landshlutasamtökunum) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Hrund Hafsteinsdóttir (UTN), Sigurður Guðmundsson (FJR), Karl Björnsson (sambandinu) og Árni Ragnarsson (Byggðastofnun).

Fundargerð 49. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Formaður bauð Árna Frey Stefánsson nýjan fulltrúa samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis velkominn til starfa í stýrihópnum.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Brothættar byggðir

Eva Pandora Baldursdóttir og Kristján Þ. Halldórsson verkefnisstjórar og Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri frá Byggðastofnun kynntu verkefnið Brothættar byggðir. Í máli þeirra kom m.a. fram að bæta megi samtal verkefnanna við ríkisvaldið. Stýrihópsmeðlimir voru hvattir til að kynna málið inni í sínum ráðuneytum. Einnig voru þolmörk samfélaga rædd og hvernig ríkið gæti komið að málum.

2. Mat á framkvæmd gildandi sóknaráætlana

Anna Margrét Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri Evris mætti á fundinn. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur fengið fyrirtækið til að gera úttekt á framkvæmd sóknaráætlana landshluta frá árinu 2015 og leggja mat á hvort markmið samninganna hafi náð fram að ganga. Fyrir fundinn höfðu fundarmenn fengið senda skýrslu sem Evris vann árið 2014 þar sem lagt var mat á framkvæmd sóknaráætlana landshluta á tímabilinu 2012-2014. Verkefnið verður unnið í samráði við stýrihópinn og urðu nokkrar umræður um framkvæmd þess. Anna Margrét gerir drög að verkefnisáætlun sem borin verður undir stýrihópinn með rafrænum hætti. Áætlað er að verkefninu verði lokið eigi síðar en 1. maí n.k.

3. Vinnufundur Byggðastofnunar 22.-23. janúar – næstu skref

Rætt var um sameiginlegan vinnufund Byggðastofnunar, stýrihópsins og landshlutanna sem fram fór í Hveragerði 22.-23. janúar. Fundarmenn voru almennt ánægðir með fundinn sem markar upphaf að vinnu við endurnýjun sóknaráætlanasamninga og nýjum sóknaráætlunum í landshlutunum átta. Ákveðið var að formaður og fulltrúi forsætisráðuneytis vinni drög að minnisblaði sem fulltrúar stýrihópsins geti nýtt til að kynna vinnuna framundan fyrir sínum ráðherrum og ráðuneytum. Fulltrúi landshlutasamtakanna mun kalla eftir áherslum samtakanna vegna nýrra sóknaráætlana. Stefnt er að samráðsfundi stýrihóps og landshlutasamtaka fimmtudaginn 28. mars.

4. Framkvæmd byggðaáætlunar

Þessum lið var frestað.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur er boðaður þann 25. febrúar 2019.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:05